



Vestfjarðastofa

Alþingi

Umhverfis og samgöngunefnd

sent rafrænt á nefndasvid@altingi.is

Ísafirði 29. nóvember 2020

*Umsögn; tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar 39. mál.*

Vestfjarðastofa gerir eindregna kröfu um að Reykjavíkurflugvöllur haldist áfram í Vatnsmýrinni. Reykjavíkurflugvöllur þjónar mikilvægu hlutverki sem miðstöð innanlandsflugs og sem slík skiptir staðsetning og umgjörð flugvallarins miklu máli. Enn mikilvægara er þó hlutverk flugvallarins sem miðstöð sjúkraflugs í landinu, en þar er um brýnt öryggismál landsmanna að ræða. Stefna stjórnvalda er að beina sérhæfðri þjónustu í þeim efnum í nágrenni flugvallarins. Eina hátækisjúkrahús landsins rís því nú við Hringbraut í Reykjavík. Það er lykilatriði að flugvöllurinn, þar sem sjúkravélar lenda með bráðveika sjúklinga, sé staðsettur nálægt okkar sérhæfðustu bráðaheilbrigðisþjónustu í landinu. Hér er um að ræða að mannlíf séu í húfi, sérstaklega þar sem nauðsynleg bráðaþjónusta er víða ekki í boði og því er mjög mikilvægt að horft sé til sjúkraflugs þegar ákvarðanir af þessu tagi eru teknar.

Opinber þjónusta er í auknum mæli að færast til höfuðborgarinnar og er mikilvægi góðra og hraðra samgangna til Reykjavíkur í raun að aukast. Langflestar höfuðstöðvar opinberra stofnanna eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu og þurfa íbúar, fyrirtæki og sveitarfélög á landsbyggðinni að hafa gott aðgengi að þeim sem og annarri þjónustu einkaaðila sem í mörgum tilfellum er eingöngu að finna á höfuðborgarsvæðinu. Aðgengi allra landsmanna að þjónustu, hvort sem hún er opinber eða frá einkaaðilum, þarf að vera í samræmi við þarfir nútíma samfélaga. Ítreka verður mikilvægi almenningssamganga í þeim efnum og innanlandsflugs.

Þetta mál snertir skipulagsvald sveitarfélaga og því er það ekkert launungamál að fulltrúar Vestfjarðastofu eru hikandi við að samþykkja tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu í slíku máli. Það er eðlilegt að sveitarfélög hafi óskorað skipulagsvald yfir svæðum sem þjóna íbúum þess sveitarfélags. En Reykjavíkurborg er jafnframt höfuðborg Íslendinga og ber sem slík ábyrgð gagnvart öllum landsmönnum. Sérstaklega þegar um risastórt öryggismál þeirra er að ræða.

Í því samhengi lýsir Vestfjarðastofa vonbrigðum með að samkvæmt gildandi aðalskipulagi Reykjavíkurborgar eigi að loka enn einni flugbrautinni í byrjun árs 2022. Því beinir Vestfjarðastofa þeirri spurning til Alþingis – hvað ætlar Alþingi að gera í máli Reykjavíkurflugvallar, öryggismáli sem varðar alla landsmenn?

f.h. Vestfjarðastofu

Hafdis Gunnarsdóttir, formaður